

- 179** Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur sam-
29. nóv. þykkt og gerð er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingar-
samþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög
nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að
öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

- 180** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skógræktarfélag Suðurnesja, útgefin
8. des. á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. des. 1958.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Suðurnesja.

1. gr.

Skógræktarsjóður Suðurnesja er stofnaður 5. marz 1950, á stofndegi Skógræktar-
félags Suðurnesja. Stofnandi hans er Egill Hallgrímsson frá Vogum, kennari í
Reykjavík. Stofnfé sjóðsins er 1000 kr. — eitt þúsund — krónur.

2. gr.

Stjórn sjóðsins og vörzlu annast stjórn Skógræktarfélags Suðurnesja.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er tilgangur hans að styrkja uppeldisstöðvar
fyrir trjáplöntur á Suðurnesjum. Enn fremur má veita úr honum fé til kaupa á trjá-
plöntum til gróðursetningar á félagssvæðinu.

4. gr.

Sjóðstjórnin aflar sjóðnum tekna eftir þeim leiðum, sem hún telur hagkvæm-
astar á hverjum tíma. Enn fremur tekur hún á móti gjöfum og áheitum til sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands
í Reykjavík. Þegar höfuðstóllinn er orðinn tíu þúsund krónur, má verja $\frac{3}{4}$ hlut-
um vaxtanna samkvæmt tilgangi sjóðsins (sbr. 3. gr.), en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist við
höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Skógræktarfélags Suðurnesja.
Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sama félags.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjórn sjóðsins sé því samþykk,
og að breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags
Suðurnesja með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipu-
lagsskrár.

8. gr.

180

Ef Skógræktarfélag Suðurnesja hættir störfum, skal stjórn sjóðsins falin stjórn Skógræktarfélags Íslands. Sér hún þá áfram um styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt 3. gr. 8. des.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

181

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar.

11. des.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarráð Hafnarfjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Hafnarfjarðar hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar um bæinn.

5. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsafnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimaðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsafnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er heimilt að láta hann greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsafnotum, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður fái endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.